

Selfossi 6. október, 2006
Kei/kei

Fundargerð fulltrúaráðs

65. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn föstudaginn
6. október, 2006 kl. 11.00 að Austurvegi 56 Selfossi III hæð.

Mættir: Ari Björn Thorarensen, Ingvar G. Ingvarsson, Margrét K.
Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson og Margeir Ingólfsson,
varamaður fyrir Snæbjörn Sigurðsson

Einnig mætti á fundinn:

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð
og Snorri Baldursson, aðstoðarm. sl.stjóra

Slökkviliðsstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. **Fundarstjóri**

Slökkviliðsstjóri spurði fundarmenn hvort einhver hefði við það að athuga að hann stýrði fundi þar til formaður hefði verið valin.

Samþykkt.

2. **Kynning á BÁ**

Slökkviliðsstjóri flutti erindi um tilurð Brunavarna Árnassýslu frá stofnðegi 1975 til dagsins í dag. Einnig fór hann fyrir helstu atriði í rekstri BÁ.

Á eftir erindinu svaraði hann spurningum og umræður spunnust um málefnið.

3. **Breytingar á Samþykktum BÁ ?**

Slökkviliðsstjóri fór stuttlega yfir samþykktir BÁ og þá sérstaklega hvað varðar fulltrúaráð og stjórn. Hann rakti sameiningar sveitarfélaga sem haft hafa það í för með sér að fulltrúum í BÁ hefur fækkað jafnt og þétt síðustu ár. Í dag er fjöldi fulltrúa sex að tölu. Hann fór yfir athugasemdir sem Verkfræðistofan Hnit setti fram á sínum tíma þess efnis að leggja niður fulltrúaráð og hafa eina stjórn yfir BÁ.

Fram kom hjá sl.stjóra að ekki er mögulegt að breyta Samþykktum án þess að fá samþykki aðildarsveitarstjórna. Því verður að kjósa í stjórn BÁ samkvæmt núgildandi Samþykktum og huga að breytingum síðar.

Fundarmenn ræddu málið og voru sammála um að ræða það frekar á síðar í samráði við sveitarstjórnir.

4. **Húsnæðismál slökkviliðsins.**

Slökkviliðsstjóri fór yfir húsnæðismál BÁ og þá sérstaklega væntanlegt nýtt hús á Selfossi sem fyrirhugað er að leigja af Björgunarfélagi Árborgar.

Hann sagði þetta mál verða eitt helsta verkefni nýrrar stjórnar næsta kjörtímabil

Hann rakti feril málsins frá fyrstu hugmyndum til dagsins í dag. Fram kom að nokkur óánægja hefur verið meðal slökkviliðsmanna varðandi byggingaráformin en þó hefur margt áunnist til bóta fyrir slökkviliðið frá þeim tímapunkti þegar Björgunarfélagið lagði fram teikningar af húsinu. T.d. kom fram að undirbúningshópur á vegum slökkviliðsins hefur fundað 13 sinnum um innra skipulag hússins og verkfræðingur á vegum BÁ hefur náð ýmsum úrbótum fram sem Björgunarfélagsmenn hafa samþykkt. Sl.stjóri greindi frá kynningarfundum sem haldinn var nýlega með slökkviliðsmönnum um endanlegar teikningar þar sem slökkviliðsmenn komu á framfæri athugasemdum sínum. Sl.stjóri bað Snorra Baldursson að greina frá þessum fundum þannig að þeir fengju annan vinkel á málið en frá einni hlið. Töluverðar umræður urðu um málefnið.

4. **Kosning formanns fulltrúaráðs og stjórnar BÁ**

Slökkviliðsstjóri tilkynnti um kjör formanns fulltrúaráðs og stjórnar BÁ og óskaði eftir tilnefningum:

Margrét K. Erlingsdóttir bað um orðið og sagði að samkomulag hefði orðið um það í meirihluta bæjarstjórnar Árborgar að hún yrði í kjöri sem formaður BÁ. Margeir Ingólfsson, bað einnig um orðið og lagði til að Snæbjörn Sigurðsson, fulltrúi Bláskógarbyggðar yrði formaður BÁ.

Sl.stjóri lagði til að fram færi leynileg kosning, var það samþykkt.

Atkvæði fóru þannig : Margrét K. Erlingsdóttir 3 atkvæði.
Snæbjörn Sigurðsson 3 atkvæði.

Að lokinni atkvæðagreiðslu bað Margeir um fundarhlé.

Margeir og Margrét K. Erlingsdóttir ræddu málin í hliðarsal.

Að loknu fundarhléi tilkynntu Margeir og Margrét að þau óskuðu eftir frestun fundar þar til niðurstaða fengist í formannskjöri. Fyrirhugað er að ræða við forsvarsmenn aðildarsveitarfélaga BÁ.

Samþykkt að fresta fundi til 11. október n.k. kl. 13.00, þá er boðað til fundar á sama stað.

Ekki fleira gert og fundi frestað kl. 13.45

**Ari Björn Thorarensen, Ingvar G. Ingvarsson, Margrét K. Erlingsdóttir,
Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson, Margeir Ingólfsson,
Kristján Einarsson, Snorri Baldursson**